

## Tennissamband Íslands



**Mættir:** Helgi, Bragi, Gunnar og Þrándur.

**Fundarritari:** Bragi

**Fundarefni:**

1. **Stigameistari 2012.** Fyrir mistök höfðu nokkur mót sem ekki höfðu verið samþykkt sem stigamót verið reiknuð með. Það hefur nú verið leiðrétt. Birkir Gunnarsson er stigameistari 2012. Faðir Birkis er í stjórn TSÍ, en tók eðli máls samkvæmt engan þátt í afgreiðslu þessa máls.
2. **Raðað og dregið í Íslandsmót innanhúss.** Helgi verður viðstaddur fyrir hönd stjórnar.
3. **Smáþjóðaleikar 2013.** Ákvörðun fundar 10. apríl staðfest.
4. **Davis cup.** Birkir, Raj, Rafn Kumar og Vladimir sendir. Kostnaðarþátttaka keppenda 40 þús.kr á mann. Raj verður fyrirliði.
5. **Boð til TSÍ frá ITF á Wimbledon (horfa á).** Samþykkt að bjóða Arnari að vera fulltrúi TSÍ og hefur hann tekið því fagnandi.
6. **Ársþing TSÍ 2013.** Efni er að skila sér.
7. **Fjárhagsáætlun.** Rædd, verður rædd áfram á fundi sunnudaginn 21. apríl.
8. **Lyfjamál.** Rætt um mikilvægi þess að tryggja að tennisíþróttin á Íslandi sé laus við hvers kyns ólögleg lyf og vímuefni. Er þá átt við leikmenn, þjálfara og aðra sem koma að málum. Stjórnin mun leita allra leiða til að tryggja þetta.

Fundi slitið.